

Áhrif umferðar á fuglalíf. Böðvar Þórisson, Aldís E. Pálsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Háskóli Íslands – janúar 2019.

Vegir eru mannvirki sem hafa fjölbreytt áhrif á fuglalíf. Þeir leggja undir sig búsvæði og umferð um þá getur haf áhrif á útbreiðslu fugla í grennd. Þá drepst fjöldi fugla í árekstrum við bifreiðar. Athuganir erlendis hafa líka sýnt að þéttleiki margra fuglategunda minnkar nær vegum og þættir sem geta haf áhrif er t.d. umferðarpungi.

Í rannsókninni var þéttleiki algengra mófugla kannaður við vegi með mismikla umferð. Notast var við tvenns konar gagnasett, annars vegar talningar á sniðum frá vegum sem voru gerðar sumarið 2018, frá 24. maí til 13. júní og hins vegar vöktunargögn (punktalningar) við vegi frá árunum 2011 til 2018. Beitt var línulegum líkönum við úrvinnslu gagna til að skoða hvernig fjarlægð frá vegi og umferðarpungi hafði áhrif á fjölda fugla. Í líkönunum var fjöldi fugla reiknaður sem fall af fjarlægð frá vegi, umferð og samvirkni (e. interaction) milli þessara þátta.

Í umræðu um niðurstöður, er bent á að gögnin sem safnað var eru takmörkuð. Niðurstöðurnar benda þó sterklega til að þéttleiki sumra mófugla er lægri við vegi og áhrifa gætir einnig langt út fyrir veg. Skógarprestir virðast þó vera í hærri þéttleika nær vegum og er það m.a. skýrt með þeir sækja í skurðbakka og runnagróður í varpi, en það er hvor tveggja algengara nær vegum. Flestir vaðfuglar eru sjaldgæfari nálægt vegum og eru enn færri nær umferðarpungri vegum. Það er skýrt með því að þeir kjósi opin búsvæði til varps, þar sem þeir sjá vel í kringum sig af hreiðrinu. Þetta á til dæmis við um spóa, lóuþræl og heiðlóu.

Í skýrslunni kemur fram að þessi forkönnun bendi eindregið til að með frekari gagnaöflun væri hægt að smíða líkön sem sýna tengsl vega og fugla með meiri tölfræðilegri vissu. Slíkt myndi til dæmis nýtast mjög vel við umhverfismat.